Svarað 14/11 sendir peningarnir 35rd 94/÷ porto
og kvittun fyrir skrifst. skatt: 28/
Porto 33/

Ytriey, 20. Oktobr 1860.—

Elskulegi vinur!
Eptir forminu vara legg eg hjer innaní til þín uppsagnarbrjef in duplo fyrir vaxtapen-ingunum [illegible] með árituðu umboði yfirfjárráðamannsins hjer til þín að hefja téða [illegible] -exninga úr jarðabókarsjóðnum; held eg ekki þurfi að vita fógeta þarum sjerstaklega, þar eigi er um annað að gjöra en rentöruna vaxtapeninga, og bið eg þig, ef þú nærð þeim og þetta brjef berst þjer í hendur í tækan tíma, að senda þá nú með pósti, og taka af þeim fyrir fyrirhöfn þína, en gefa mjer áritun um hvað hverjum tilheyrir. Allt fór nú vel með peningana í sumar, sem þú hafðir út fyrir mig og sendir mjer með Kaprasíus.—

Ljótt er annríkið, því eg get aldrei þeng-ist við neitt þarmligt, hefi þó jafnan í huga að koma [illegible] álitið í því efni komist eg í færi, en meðan eg er hjer því að kalla einn við hin opinberu vitstörf, má eg engu orka til annara framkvæmda.—

Það er víst og vant er, að engar viti eg frétt-irnar, nema hér hafa að undanförnu verið illviðri frá því um gangna leytið, og verið óþerrasamt hefir verið um allan sláttartímann í sumar hjer nyrðra og eystra, einkum á öllum útkjálkum, en betri þó hærra upp til sveita.— Þrír hafa látist í Húnavþ. í sumar.—